

# Ræktun 2017

Gefið af Ágúst Sigurðsson  
laugardagur, 29 apríl 2017

Hjörvar og Hanna Rún með systkinin Dropa og Voröld frá Kirkjubæ mynd/Bragi Sverrisson.

Sýningin Ræktun 2017 var haldin í Fákaseli nú um helgina. Þetta var glæsileg sýning, margt góðra hrossa og allt vel útfært og vel undirbúið. Hrossaræktarsamband Suðurlands veitti okkur viðurkenningu ásamt öðrum sunnlenskum búum sem hlotið höfðu tilnefningu til ræktunarverðlauna ársins. Síðan vorum við líka með okkar atriði sem tókst vel. Þar komu fram Voröld, Dropi, Valga og Sjóður. Knapar voru í sömu röð Hanna Rún, Hjörvar, Gummi og Eva. Mjög skemmtilegt kvöld.

